

Hvað er hlaðvarp?

Orðið Podcast var búið til árið 2004 og tekið inn í orðabók árið 2005. Það er samsett úr orðunum Broadcast og iPod¹. Orðið Hlaðvarp er með sama hætti „útvarp“ sem hægt er að hlaða niður. Þessi orð (eða fyrirbæri) verða til u.þ.b. fimm árum eftir síðustu aldamót, en Podcastið springur ekki út sem miðill í almennri notkun fyrr en með þáttaröðinni Serial árið 2014. Svipað gerist hér á landi þegar hlaðvarpsnotendur í leit að íslensku efni uppgötva Veru Illugadóttur og þáttinn „Í ljósi sögunnar“, sem er upprunalega útvarpsþáttur í línulegri dagskrá. Þátturinn er langvinsælasti hlaðvarpsþáttur Ríkisútvarpsins og hann er sýnilega einnig vinsælasti hlaðvarpsþátturinn í tölum, svo vinsæll að margir vita ekki að hann er útvarpsþáttur.

Hlaðvörp eru þættir sem gefnir eru út á netinu. Hlaðvörp eru hafa oft svipaða uppbyggingu og útvarpsþættir en eru ekki sendir út beint. Þess í stað hleður hlustandi þeim niður og spilar í síma eða tölvu. Hlaðvörp eru svipuð streymimiðlun, en eru ólík á þann hátt að tónhlaða notandans sækir sjálfkrafa nýja þætti. Hlaðvörp eru vanalega gefin út sem hljóðskrár, en geta líka innihaldið myndbönd.

Hlaðvarp og útvarp hafa áþekka tengingu og Netflix og sjónvarp. Hlaðvarpsþættir eru í raun útvarpsþættir nema í ólínulegri dagskrá, þættir sem hægt er að hlaða niður á streymisveitum sem eru aðeins hljóðefni. Til eru hlaðvarpsþættir um allt sem mannskepnan getur mögulega haft áhuga á. Hlaðvörp eru í langflestum tilfellum endurgjaldslaus, aðgengileg hvar sem nettenging er til staðar og eru tilvalin til að setjast undir við iðju þar sem hægt er að hafa frjálsar hendur og augu eins og þegar maður er að þvo þvottinn, fara út að skokka eða er á rúntinum. Allir útvarpsþættir geta verið hlaðvarpsþættir. En ekki allir hlaðvarpsþættir geta verið útvarpsþættir.

Allir útvarpsþættir Rásar 1 og Rásar 2 eru aðgengilegir í hlaðvarpi – en ekki er hægt að grípa hvaða hlaðvarpsþátt sem er og sett hann á dagskrá Rásar 1. Í útvarpi þarf nefnilega að fylgja ströngum tímamörkum, en í hlaðvarpi eru engin tímamörk. Hlaðvarpsþættir geta verið tvær mínútur, þeir geta verið fimmtán mínútur og þeir geta verið tveir tímar. Stundum er hálf tímamunur á þáttum innan sömu þáttaraðar. Ekki er æskilegt að hlaðvarpsþættir séu lengri en 45 mínútur, eða jafnvel 15 mínútur. Skipta má efninu jafnvel upp í styttri búta.

Tafla 1: Listi yfir nokkur erlend hlaðvörp

Vinsæl hlaðvörp	
This American life	This American life er frásagnadrifinn þáttur þar sem 2–3 sögur eru sagðar í hverjum þætti eftir ólíku þema. Þátturinn var lengi vinsælasti útvarpsþáttur Bandaríkjanna.
Ear Hustle	Ear Hustle er hlaðvarp er framleitt í samstarfi við fanga í San Quentin fangelsinu og segir sögur af lífinu innan veggja þess og eftir að afplánun lýkur.
Dolly Parton's America	Dolly Parton's America eru stórkostlegir þættir sem nota sögur af Dolly Parton til að útskýra Bandaríki dagsins í dag - eða kannski frekar Bandaríkin fyrir tíma veirunnar.
Switched on Pop	Stjórnendur þáttarins Switched on Pop taka fyrir eitt lag og kryfja það til mergjar.
Song Exploder	Í Song Exploder gera tónlistarmenn slíkt hið sama við sína eigin smelli.
The Daily	The Daily er fréttaskýringarþáttur New York Times. Hann er yfirleitt í viðtalsformi sem nýtir oft narratíva-uppbyggingu, þ.e. viðmælandinn er fenginn til segja söguna „af því sem gerðist“. Oft eru viðmælendurnir blaðamenn NYT og segja þá kannski söguna af viðtalinu sem þeir tóku fyrir blaðið, og upptökur þeirra af viðtalinu styðja svo við frásögn þeirra.
Hidden Brain	Hidden Brain notar gjarnan dæmisögur í bland við vísindi til þess að útskýra heiminn.
Radiolab	Radiolab gerir ótrúlegustu hluti. Þeirra kennimerki er mikil hljóðskreyting og pródúsering.
Missing Richard Simmons	Missing Richard Simmons segir söguna af leit þáttastjórnandans að eróbikk-goðinu Richard Simmons sem virðist hafa gufað upp.
Planet Money	Planet Money útskýrir fjár- og efnahagsmál á skemmtilegan, aðgengilegan og fræðandi hátt.

¹ Framleiðslu á iPodum hefur verið hætt, enda hefur virkni þeirra alfarið færst undir snjallsíma.

Ýmis hlaðvörp

Tafla 2: Ýmis hlaðvörp

1. Serial – Hlaðvarpið sem skók heiminn. Rannsóknarblaðamaðurinn Sarah Koenig sló í gegn með fyrstu seríunni sem fjallar um mál Adnan Sayed sem dæmdur var fyrir að myrða fyrrverandi kærustuna sína.
2. Í ljósi sögunnar – Vera Illugadóttir varpar ljósi á heiminn með því að líta til fortíðar.
3. Ferðalög – Útvarpsleikhúsið og Jón Gnarr.
4. Homecoming – Sálfræðitryllir.
5. SOL – Útvarpsleikhúsið.
6. Modern Love – Leikarar lesa sannar ástarsögur úr New York Times.
7. Lore – Þjóðsögur og draugasögur.
8. Dr. Football eru umræðuþættir um knattspyrnu.
9. The Snorri Björns Podcast show er „Long form“ viðtalsþáttur.
10. Klikkaðar kynlífssögur eru frásagnadrifnir viðtalsþættir þar sem saga eða sögur af kynlífi viðmælandans eru krufnar til mergjar.
11. Heimskviður eru fréttaskýringarþættir sem innihalda yfirleitt þrjú innslög um málefni líðandi stundar á erlendri grundu. Innslögin eru ýmist viðtöl, skýringar eða frásagnir (narratív).
12. Fílag eru þættir um tónlist þar sem tekið er fyrir eitt lag í hverjum þætti og saga þess og listfengi er útskýrt í gegnum samræður þáttastjórnenda.
13. „Þarf alltaf að vera grín“ eru umræðuþættir í léttari kantinum þar sem þrír vinir taka fyrir ólík umræðuefni í hverjum þætti.
14. Markmannshanskarnir hans Albert Camus – Hlaðvarp um íþróttir og heimspeki.
15. Loftslagsþerapían – Hlaðvarp um loftslagskvíða.
16. Blindfull á sólríkum degi – Hvernig er að alast upp með alkóhólista.
17. Ástandsborn er hlaðvarp um börn hermanna í seinni heimsstyrjöldinni.

Í ljósi sögunnar²

Tafla 3: Listi yfir ellefu bestu þætti „Í ljósi sögunnar“

- Byltingarmennirnir sem tortímdu sjálfum sér
- „Engillinn“ Ashraf Marwan
- Estonia slysið
- Hundar í kapphlaupi við dauðann
- Jim Jones & Peoples Temple
- Kapphlaupið á Suðurpólinn
- Konungsmorðin í Nepal
- Gíslatakan í leikhúsinu í Moskvu
- Mannæturnar í Tsavo
- Pitcairn-Eyja
- Thomas Quick

Töfluskrá

Tafla 1: Listi yfir nokkur erlend hlaðvörp

Tafla 2: Ýmis hlaðvörp

Tafla 3: Listi yfir ellefu bestu þætti „Í ljósi sögunnar“

² Í Hlaðvarpi RÚV er hægt að ná í fjölmarga þætti, sögur og leikrit aftur í tímann. Allt efnið er til niðurhals og hægt að njóta þess á þeirri stundu og stað sem hentar.